



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi
Erindi nr. P 143/851
komudagur 15.1.2014

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

15. janúar 2014

Umsögn um tillögu til þingsál. um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 169. mál

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela umhverfisráðherra að vinna að stofnun Hofsjökulspjóðgarðs. Fram kemur í greinargerð að í kjölfar stofnunar Vatnajökulspjóðgarðs telji flutningsmenn tillögunnar nú brýnt að halda verkinu áfram.

Samorka minnir á að Íslendingar standa nú þegar mjög framarlega, ef svo má segja, á sviði náttúruverndar. Að minnsta kosti hefur mun stærra hlutfall landsvæðis verið verndað hér en á hinum Norðurlöndunum. Ekki liggur fyrir að stofnun þjóðgarða hafi sem slík sérstök áhrif á tekjur af erlendum ferðamönnum, sem getið er í athugasemdum með tillögunni. Að mati Samorku eru því ekki sérstök rök fyrir að ráðist verði í stofnun umrædds þjóðgarðs með tilheyrandi kostnaði.

Samorka leggst því gegn tillögunni.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri